

Mál nr. 13/2019**M og
V vegna slysatryggingar sjómanna.****Sönnun orsakatengsla vegna vinnuslyss 4.4.2008. Tilkynningarfrestur og fyrning.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.1.2019, ásamt fylgiskjöllum.

Bref V, dags. 21.1.2019, ásamt afriti tölvupósta dags. 21.12.2017 og 27.12.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þegar hann fékk högg af togvír á vinstri hlið líkamans og var hann greindur við komu á slysideild og í lækniheimsóknnum í apríl og maí það ár m.a. með rifbrot og óþægindi í öxl og viðbeini. Var M óvinnufær í um tvo mánuði og frekari lækniheimsóknir voru gerðar, m.a. röntgenrannsókn í október 2008, en M útskrifaðist frá sérfræðingi í bæklunarlækningum í nóvember 2008. Árið 2017 fór M að finna fyrir frekari einkennum og það ár fór hann aftur í röntgenrannsókn sem leiddi til þess að það greindust skemmdir í öxl sem sami sérfræðingur metur varanlegar.

M telur að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leitt hafi til varanlegra afleiðinga í slysinu 4.4.2008. Honum hafi hins vegar ekki mátt vera atvik að baki kröfu sinni, né krafan ljós fyrir en slíkar afleiðingar greindust á árinu 2017 og þannig hafi hvorki tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, né fyrningarfrestur í 125. gr. sömu laga byrjað að líða fyrir en á því ári. M bendir á að slysið hafi verið tilkynnt til V 2. nóvember 2017 og telur einnig skýrt að það séu orsakatengsl á milli þess líkamstjóns sem greindist á árinu 2017 og tjónsatviksins í apríl 2008 þar sem ekkert sé í framlögðum sjúkraskrárgögnum sem geti skýrt ástand axlar hans í dag. M telur einnig af dómaframkvæmd (Hrd. 661/2007, 418/2008, 9/2013, 10/2015, 7/2009 og 615/20007, auk dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2663/2016) að draga megi þá ályktun að upphaf tilkynningar- og fyrningarfresta geti ekki verið fyrir en tjónþoli hafi fengið staðfestingu bæklunarlæknis um varanlegt líkamstjón og sé þar um hlutrænt viðmið að ræða.

V telur í fyrsta lagi að orsakatengsl séu ósönnuð milli þeirra einkenna sem M hefur nú og tjónsatburðar í apríl 2008. V bendir á að M hafi fengið meðferð við líkamstjóni sínu á árinu 2008 og síðan hafi hann stundað sjómennsku án vandkvæða þangað til hann hafi leitað til læknis á árinu 2017 eftir að hann fór í nudd vegna þess sem hann hélt vera vöðvabólgu. V vísar því á bug að sjúkraskrá M sé endanleg sönnun þess að ekkert annað en slys hans í apríl 2008 hafi getað leitt til þeirra varanlegu afleiðinga sem M var greindur með á árinu 2017 og vísar einnig til þess að einkenni þau sem hann lýsir séu algeng við álagsbundin störf eins og sjómennsku. Í öðru lagi telur V að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga til að tilkynna tjón hafi verið löngu liðinn þegar V fékk tilkynningu um tjónið með tjónstilkynningu 2. nóvember 2017 og í þriðja lagi að fyrningarfrestur samkvæmt 125. gr. sömu laga sé liðinn.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ítarleg lækni- og sjúkraskrárgögn um heilsufar M. Þar á meðal um tjónsatvik M 4. apríl 2008 og einkenni þau sem hann hafði þá frá öxl. M leitaði sannanlega til læknis eftir tjónsatvikið og fékk meðferð vegna einkenna sinna þá. Ekkert kemur hins vegar fram um slík einkenni í lækni- og sjúkraskrárgögnum í um níu ár eftir það, ekki fyrir en á árinu 2017. Þó ekkert komi fram um önnur tjónsatvik í lækni- og sjúkraskrárgögnum sem áhrif gætu haft á einkenni þau sem M hefur nú í vinstri öxl verður ekki talið fyllilega sannað, miðað við fyrirliggjandi gögn, að það séu orsakatengsl milli einkenna hans á árinu 2017 og tjónsatviksins í apríl 2008. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á greiðslu bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á greiðsluskyldu úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 19. febrúar 2019.

Valgeir Pálsson lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.